

1984

Alþingi
Umhverfis- og Samgöngunefnd

Efni: Umsögn 1984 ehf um frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum, lögum um landshöfuðlén o.fl. (205. mál á 154. löggjafarþingi).

1984 ehf tekur undir sérhvert orð í umsögn ISNIC um frumvarp þetta. Aðeins tvær athugasemdir fara hér á eftir, en þær ættu að gera þá skoðun okkar ljósa að þetta frumvarp er með öllu ótækt, sett fram af óviðurkvæmilegu offorsi á forsendum sem byggja á vanþekkingu á tækninni og hreinlega á ósannindum.

Í 2. kafla greinargerðar með frumvarpinu er fjallað um tilefni og nauðsyn lagasetningar. Þar er talað um að ýmsar vefsíður og „vefsíður sem heyra undir landshöfuðlénið .is“. Vefir heyra ekki undir lén og gögn verða ekki niður tekin með því að taka niður lén. Það er augljóslega einhver allsherjar misskilningur í gangi á þeirri tækni sem hér er verið að reyna að undirsetja reglur löggjafans. Í kaflanum er ruglað saman hýsingum gagna annars vegar og hýsingum léna hins vegar sem er eðlislíkt og óskýlt þótt hvort tveggja sé nefnt „hýsing“.

Það sem sýnir glögglega að hér er farið offari í annarlegum tilgangi er að farið er með ótrúlegt fleipur um að hér sé þjóðaröryggi í húfi. Það er með öllu óþekkt og hefur aldrei gerst að lokað hafi verið á netumferð frá landi vegna phishing og „netárása“ sem þar kunna að eiga uppruna sinn. Það er með algerum ólíkindum að ábyrgur aðili setji svona vitleysu fram sem rökstuðning fyrir reglum um lénskráningu og eftirlit. Það má segja að gæði þeirrar vinnu sem hér er veitt umsögn, og sá skortur á skilningi á viðfangsefninu sem einkennir þetta frumvarp endurspeglar vel í þessu. Þetta er algert rugl. Því miður er ekki hægt að orða þetta af meiri kurteisi.

1984 sér ekki ástæðu til að gera aðrar athugasemdir en þær, sem hér að ofan eru nefndar vegna þess að með hliðsjón af umsögn ISNIC og í því ljósi sem ofangreint varpar á faglegar undirstöður frumvarpsins (eða öllu heldur skort á þeim) og samráðsskort við þá sem á þessum akri starfa verður ekki hjá því komist að byrja upp á nýtt. Skilgreina það vandamál sem ætlunin er að leysa og gera það á grundvelli a.m.k. lágmarksþekkingar á þeirri tækni og starfsumhverfi sem setja á reglur um.

Virðingarfyllt

F.h. 1984 ehf
Mörður Áslaugarson
Framkvæmdastjóri